

**Nd.** **373. Frumvarp til laga** [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson, Jón Skaftason,  
Birgir Finnsson, Axel Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvóddum mönnum.

Andvirði jarðanna skal Mosfellshreppi heimilt að greiða á 25 árum.  
Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða undir opinberar byggingar úr landi ofangreindra jarða, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Mosfellshreppi var gert að greiða fyrir jarðirnar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Sveitarstjórinn í Mosfellshreppi hefur með bréfi, dags. 9/3 1967, óskað eftir því, að frv. til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á jörðunum Þormóðsdal og Bringum í Mosfellshreppi verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi. Í bréfinu, sem er prentað sem fylgiskjal I, svo og bréfi oddvitans í Mosfellshreppi frá 30/10 1964, sem prentað er sem fylgiskjal II, er gerð grein fyrir ósk þessari svo og skýringum varðandi málið.

### Fylgiskjal I.

Mosfellshreppur, Kjósarsýslu.

Hlégarði, 9/3 1967.

Á fundi hreppsnefndar Mosfellshrepps, sem haldinn var 14. febr. 1967, var ákveðið að óska eftir, að flutningsmenn að frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur taki málið upp að nýju til flutnings á yfirstandandi þingi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson, Jón Skaftason, Birgir Finnsson, Axel Jónsson.

Síðan frumvarp þetta var flutt, hefur sú breyting orðið, að þáverandi ábúandi Bringna, Hallur Jónsson, hætti öllum búrekstri fyrir um einu og hálfu ári, vegna aldurs og heilsuþreysts, og hafa öll hús á jörðinni staðið auð síðan. Fullyrða má, að Hallur muni ekki flytja þangað aftur.

Rétt er að geta þess, að samkvæmt bréfi frá ráðuneyti hafa tilraunastöðinni að Keldum verið tryggð afnot af beitilandi í Bringum fyrir blóðhross, og telur hreppsnefnd eðlilegt, að Keldum verði tryggð þau afnot áfram.

Að öðru leyti vísast til framlagðra gagna um málið, þegar frumvarpið var flutt á lögjafarþingi 1964—1965.

Að lokum er þess eindregið vænzt, að háttvirtir flutningsmenn fylgi máli þessu svo örugglega eftir, að það fái jákvæða afgreiðslu fyrir Mosfellshrepp á yfirstandandi þingi.

Vinsamlegast,

f. h. hreppsnefndar,

Matthías Sveinsson, sveitarstjóri Mosfellshrepps.

### Fylgiskjal II.

30. október 1964.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps samþykkti á fundi sínum 22. okt. s. l. að leita til þingmanna kjördæmisins vegna kaupa á tveim ríkisjörðum í hreppnum.

Það er álit ábyrgra aðila, að ekki verði hjá þessu komið vegna hagsmuna hreppsfélagsins. Þetta eru jarðirnar Þormóðsdalur og Bringur.

Ástæður fyrir þessu eru meðal annars vegna skipulagsmála og eindreginna til-mæla skipulagsstjóra ríkisins, en einnig vegna útvikkunar á afrétt hreppsins á Mosfellsheiði, sem er mikið hagsmunamál bændanna í hreppnum.

Báðar jarðirnar eru setnar. Þormóðsdalur af ungum og dugandi manni, og eru þar allsæmileg húsakynni manna og dýra. Bringur eru hins vegar svo til húsa-  
lausar eða því sem næst. Þar lafa uppi nokkrir kofar, og hefur hreppsnefnd orðið  
að hafa afskipti af aðbúð manna og dýra. Þar býr aldraður maður með nokkrar ær.

Hreppsnefnd er ljóst, að í gildi eru lög varðandi forkaupsrétt ábúanda, og er  
þess vegna nauðsynlegt, að frumvarpið feli í sér, að sala ríkisins á jörðum þessum  
sé eingöngu bundin við Mosfellshrepp.

Hreppsnefnd er tilbúin að gefa frekari upplýsingar um mál þetta eftir óskum  
og þörfum flutningsmanna.

Vinsamlegast,

f. h. hreppsnefndar,

Jón M. Guðmundsson, oddviti.